

29. apríl 2010

2. fundur Skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur 2009-10.

Mætt voru: Páll Leó skólastjóri, Fanney Pétursdóttir, Svava Agnarsdóttir, Valdís Kristinsdóttir og Þórunn Róbertsdóttir. Einnig sátu fundinn fulltrúar nemenda Telma Sif Reynisdóttir og Daniel Leó Grétarsson.

1. **Fundur settur**
2. **Skóladagatal 2010-2011**
Páll Leó lagði fram tillögur að skóladagatali 2010-2011 og fór yfir helstu atriði varðandi það. Fólki leist vel á tillögurnar og mun Páll Leó fara með þær til fræðsluráðs.
3. **Félagsstarf nemenda.**
Fulltrúar nemenda létu í ljós þá skoðun að meira og betra samstarf mætti vera á milli skóla og félagsmiðstöðvar. Páll mun ræða málið við Kristinn í félagsmiðstöðinni. Rætt um fyrirhugað námsmaraþon í 10. bekk
4. **Skólaárið 2009-2010**
Ánægja með þemadagana. Fram kom að blöndun aldurshópa tókst vel. Almennt séð hefur veturinn gengið vel.
5. **Gamall skóli - nýr skóli**
Breytt umhverfi í skólanum vegna fækkunar nemenda. Engar útistofur notaðar. Allt unglíngastigið kemur til með að vera á unglíngagangi næsta vetur. Ekkert nýtt starfsfólk ráðið næsta skólaár. Breyttar forsendur vegna frímínútna. Spjallað vítt og breytt um skólastarfið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.